



## Sveitarstjórn Húnnavatnshrepps 258. fundur.

Föstudaginn, 27. maí, kom sveitarstjórn Húnnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram á skrifstofu Húnnavatnshrepps á Húnavöllum og hófst klukkan 17:05.

Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Einar Kristján Jónsson, ritaði fundargerð.

**Mætt voru:**

Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Jón Árni Magnússon, Þóra Sverrisdóttir og Einar Kristján Jónsson.

**Dagskrá:****1. Ársreikningur fyrir árið 2021, síðari umræða:****2. Bréf sem boris hafa:**

- a. *Hótel Húna, fyrir hönd fjárfesta, dagsett, 23. maí 2022.*
  - i. **Efni:** Ósk um viðræður vegna áhuga á að kaupa eignir Húnnavatnshrepps og Fasteigna Húnnavatnshrepps ehf. á Húnavöllum.
- b. *Eflu verkfæðistofu, dagsett, 20. maí 2022.*
  - i. **Efni:** Minnisblað, sorphirða Húnnavatnssýslum-næstu skref.

**3. Fundargerðir:**

- a. *Skipulags- og byggingarnefnd, frá 25. maí 2022.*
- b. *Fræðslunefnd frá 2. maí 2022.*
- c. *Stjórn Húnanets ehf., frá 26. maí 2022.*
- d. *Stjórn Fasteigna Húnnavatnshrepps ehf., frá 27. maí 2022.*
- e. *Almennur fundur í Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða, frá 19. apríl 2022.*
- f. *Almennur fundur í Fjallskiladeild Auðkúluheiðar, frá 27. apríl 2022.*
- g. *Ársfundur Heimiliðnaðarsafnsins frá 11. maí 2022.*

BTHB RT  
GPR  
JH  
JAM  
JM.  
JL

**4. Frestuð erindi:**

- a. *Frestuð erindi frá 257. fundi sveitarstjórnar*
  - i. Bréf sem borist hafa.
    1. *Vilhjálmi Sigurðssyni, fyrir hönd eiganda Hótel Laxá, dagsett 29. mars 2022.*
      - a. **Efni:** Ósk um viðræður vegna áhuga á að kaupa eignir Húnnavatnshrepps og Fasteigna Húnnavatnshrepps ehf. á Húnavöllum.
    2. *Arnarvatnsheiði og Geitland, sjálfseignarstofnun, dagsett, 2. maí 2022.*
      - a. **Efni:** Tilboð í Fljótsdragaskála.

**5. Önnur mál:**



Oddviti setti fundinn, klukkan 17:11.

Oddviti lagði fram breytingu á dagskrá fundarins, að fundargerð stjórnar Auðkúluheiðar ehf. frá 27. maí 2022 verði h liður í 3 lið.

Tillaga oddvita samþykkt samhljóða.

## Dagskrá:

### 1. Ársreikningar fyrir árið 2021, seinni umræða:

- a. Ársreikningar sveitarfélagsins vegna ársins 2021, lagðir fram til seinni umræðu.
- b. Á fundinum lá frammi til kynningar Endurskoðunarskýrsla 2021 frá KPMG, vegna ársreiknings 2021, en við fyrri umræðu í sveitarstjórn, þann 20. maí 2022, hafði Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG kynnt samstæðureikning sveitarfélagsins, ásamt sundurliðunarbók og skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2021.
- c. Ársreikningur Húnnavatnshreppss fyrir 2021 er nú afgreiddur við fremur óvenjulegar aðstæður þar sem Covid-19, heimsfaraldur hefur varað í tæplega tvö ár. Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á rekstur Húnnavatnshrepps sem og önnur sveitarfélag á landinu. Þó svo að tekjur hafi aukist miðað við áætlun þá hefur kostnaður einnig aukist, meðal annars vegna lífskjarasamninga og vinnutímastyttingar, aukagreiðslur vegna halla á málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra og fleiri þáttu.  
Vegna þessara þáttu þá var skulda- og jafnvægisregla sveitarstjórnarlaga afnumin til ársins 2026, en gert er ráð fyrir því að rekstur sveitarfélaga á Íslandi nái aftur jafnvægi, eigi síðar en árin 2023 - 2024.
- d. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:
  - i. Rekstrartekjur Húnnavatnshrepps árið 2021, A og B hluta námu alls 526.962.000 kr., þar af námu rekstrartekjur A hluta 509.634.000 kr..  
Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 64.766.000 kr..  
Rekstrarniðurstaða ársins, fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, var neikvæð um 10.564.000 krónur.  
Eigið fé Húnnavatnshrepps í árslok nam 343.044.000 kr., samkvæmt efnahagsreikningi A og B hluta en eigið fé A hluta var 390.841.000 kr..  
Eiginfjárlutfall nemur 36,4 % í árslok.  
Veltufé frá rekstri skv. sjóðstreymi var neikvætt um 28.144.000 kr..  
Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 9.396.000 kr..  
Handbært fé Húnnavatnshrepps í árslok 2021 nam 5.026.000 kr..  
Skuldir og skuldbindingar A og B hluta samtals voru í árslok 2021, 598.480.000 kr., en voru 416.586.000 kr., í lok árs 2020, sem er hækkin meðal annars vegna lántöku til fjárfestinga við nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði og viðamikilla viðhaldsverkefna víða um sveitarfélagið.  
Skuldaviðmið A-hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð fór úr 18% árið 2020, í 39% í árslok 2021, en skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð fór úr 44,5% árið 2020, í 77,7% í árslok 2021.



Skuldaviðmið A og B hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð fór úr 63% árið 2020, í 98% í árslok 2021, en skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð fór úr 79,7% árið 2020, í 113,6% í árslok 2021.

Skuldir Húnavatnshrepps eru vel undir meðaltali sveitarfélaga á landinu, bæði með sk.viðmið og sk. hlutfall.

Að ofangreindu má sjá að rekstur Húnavatnshrepps hefur þyngst tímabundið, bæði vegna utanaðkomandi aðstæðna og m.a., vegna samdráttar í tekjum Jöfnunarsjóðs, meiri hallareksturs, málefna fatlaðs fólks, kjarasamninga og vinnutímastyttingar, en einnig vegna lántöku til fjárfestinga í innviðum á undanförnum árum.

Framundan eru bæði krefjandi og spennandi tímar með sameiningu Blönduósþærjar og Húnavatnshrepps, sem mun aftur skapa fjölbreyttari tækifæri á svæðinu fyrir framtíðina.

1. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ársreikning Húnavatnshrepps fyrir árið 2021. Reikningurinn var síðan undirritaður.

- a. Ársreikningur Húnavatnshrepps fyrir árið 2021, verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

## 2. Bréf sem borist hafa:

- a. Hótel Húna, fyrir hönd fjárfesta, dagsett, 23. maí 2022.
  - i. **Efni:** Ósk um viðræður vegna áhuga á að kaupa eignir Húnavatnshrepps og Fasteigna Húnavatnshrepps ehf. á Húnavöllum.
    1. Lagt fram til kynningar. Afgreiðslu málsins vísað til nýrrar sveitarstjórnar.
- b. Eflu verkfræðistofu, dagsett, 20. maí 2022.
  - i. **Efni:** Minnisblað, sorphirða Húnavatnssýslum-næstu skref.
    1. Lagt fram til kynningar. Afgreiðslu málsins vísað til nýrrar sveitarstjórnar.

BHB  
SPR

PS

JAM

JM.  
RH

JL.  
Z

## 3. Fundargerðir:

- a. Skipulags- og byggingarnefnd, frá 25. maí 2022.
  - i. Lagt fram til afgreiðslu og/eða kynningar.
    1. Gunnsteinsstaðir-fjósbygging.
      - a. Fyrirspurn frá Auði Ingimundardóttur og Rúnari Aðalbirni Péturssonar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á fjósbyggingu að Gunnsteinsstöðum (Hólabæ) í Húnavatnshreppi.
        - i. Skipulags- og byggingarnefndin tekur jákvætt í erindið. Hönnunarforsendur á nýju mannvirki skal miða við skv. staðbundnu hættumati dagsett 12.11.2021 sem unnið var af Veðurstofu Íslands, til að tryggt sé að áhetta fólks sé viðunandi skv. skilgreiningu hættumatsreglugerðarinnar. Einnig að settur verður upp varnargarður ofan við nýtt mannvirki til að bæta öryggið á svæðinu.



1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.
2. *Holt, Svínadal, umsókn um stofnun landspilda.*
  - a. Lára Björg Jóhannsdóttir þinglýstur eigandi Holts Svínadal sækir um heimild til að stofna landeignina Holt I ásamt byggingareit fyrir einbýlishús.
    - i. *Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykja stofnun landeignar Holt 1 úr landi Holts í Svínadal skv. uppdrætti dags. 18 maí 2022.*
    1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.
3. *Blöndulína 3, umhverfismatsskýrsla.*
  - a. Erindi frá Skipulagsstofnun. Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um umhverfismatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3. Skipulagsstofnun fer fram á að Húnnavatnshreppur veiti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Erindinu var frestað á síðasta fundi.
    - i. *Línulögningin er ekki í samræmi við aðalskipulag Húnnavatnshrepps 2010-2022 en þar er sagt; Blöndulína 3 Línan mun liggja yfir Blöndudal milli Eyvindarstaða og Bollastaða, og þaðan upp á hálsinn milli Blöndudals og Svartárdals og út hálsinn að Torfustöðum. Farið er yfir Svartárdal utan við Torfustaði, í stefnu syðst í Vatnsskarð að sveitarfélagamörkum Skagafjarðar hjá Valabjörgum. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að gera ekki athugasemdir við umhverfisskýrsluna.*
    1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.
4. *Auðkúluheiði - Umsókn um stofnun á landeignum.*
  - a. Erindi frá Húnnavatnshreppi. Umsókn um stofnun landeigna úr þjóðlendu á Auðkúluheiði. Um er að ræða lóðir sem áður höfðu verið stofnaðar Gamli skáli á Hveravöllum L145300, Nýi skáli á Hveravöllum L145300, Tjaldstæðið á Hveravöllum L145300, Lóð Veðustofu Íslands L145301 og Þjónustulóð á Hveravöllum L200100. Hesthús á Hveravöllum L 178057. Nýjar lóðir Sæluhús við Hveravelli og Vatnsból fyrir Hveravelli. Einnig er sótt um byggingarreiti á þjónustulóð og tjaldstæði. Meðfylgjandi eru hnittsettir



afstöðuuppdrættir gerðir hjá Ráðbarði sf. verkfræðistofu af Bjarna Þór Einarssyni. Nr uppráttar eru HV003 og HV004 og dagsettir 13. maí 2022.

i. *Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja stofnun landeignana og felur skipulagsfulltrúa að leita heimilda landeiganda.*

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

b. *Fræðslunefnd frá 2. maí 2022.*

i. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlögð skóladagatöl fyrir Húnavallaskóla og leikskólann Vallaból. Jafnframt samþykkir sveitarstjórnin samhljóða, framkomin kennslustundafjölda og kennslutilhögun, skólaárið 2022 til 2023.

c. *Stjórn Húnanets ehf., frá 26. maí 2022.*

i. Lagt fram til kynningar.

d. *Stjórn Fasteigna Húnavatnshrepps ehf., frá 27. maí 2022.*

i. Lagt fram til kynningar.

e. *Almennur fundur í Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða, frá 19. apríl 2022.*

i. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða nafnið Öndvegi á nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði.

1. Sveitarstjórn vísar tillögu um girðingu á heiðamótum Haukagils- og Víðidalstunguheiða, til nýrrar sveitarstjórnar.

f. *Almennur fundur í Fjallskiladeild Auðkúluheiðar, frá 27. apríl 2022.*

i. Lagt fram til kynningar.

g. *Ársfundur Heimilisiðnaðarsafnsins frá 11. maí 2022.*

i. Lagt fram til kynningar.

h. *Stjórn Auðkúluheiðar ehf., frá 27. maí 2022.*

i. Lagt fram til kynningar.

#### 4. Frestuð erindi:

a. *Frestuð erindi frá 257. fundi sveitarstjórnar*

i. Bréf sem borist hafa.

1. *Vilhjálmi Sigurðssyni, fyrir hönd eiganda Hótel Laxá, dagsett 29. mars 2022.*

a. **Efni:** Ósk um viðræður vegna áhuga á að kaupa eignir Húnavatnshrepps og Fasteigna Húnavatnshrepps ehf. á Húnavöllum.

i. *Lagt fram að nýju. Erindinu vísað til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar.*

2. *Arnarvatnsheiði og Geitland, sjálfseignarstofnun, dagsett, 2. maí 2022.*

a. **Efni:** Tilboð í Fljótsdragaskála.

i. *Lagt fram að nýju ásamt drög af afsali og samkomulagi á milli Húnavatnshrepps og*



Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og  
Haukagilsheiða vegna ráðstöfunar á söluandvirði  
Fljótsdragaskála.

1. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að selja Arnarvatnsheiði og Geitlandi, sjálfseignarstofnun, Fljótsdragaskála á 5.000.000 krónur.
2. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að 5.000.000 krónum verði ráðstafað til Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukadalsheiða. Sjálfseignarstofnun mun nýta fjármunina við framkvæmdir á þaki gangnamannaskálans Öndvegis. Jafnframt mun Sjálfseignarstofnunin virkja félagsmenn til þess að taka þátt í framkvæmdinni og leggja til vinnuframlag.

## 5. Önnur mál:

### a. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun.

- i. Vegna húsbyggingahugmynda við Húnavelli er rétt að taka fram að Húnnavatnshreppur hefur fengið tilboð í parhús úr steyptum einingum. Var undirskrift frestað vegna sameiningar sveitarfélaganna. Til stóð að nota söluandvirði á Steinholti 8 upp í þann byggingarkostnað sem af þessu hlýst. Jafnframt er rétt að geta þess að Húnnavatnshreppur á tilbúnar byggingarlöðir við Steinholt. Húnnavatnshreppur er þáttakandi í Sjálfseignarstofnunni Brák, ásamt fleirum sveitarfélögum á landinu um byggingu ódýrra leiguíbúða. Það er ósk míni að nýtt sveitarfélag haldi þessari uppbyggingu áfram hér við Húnavelli.

### b. Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi:

- i. Undanfarin átta ár hafa verið gríðarlega lærðómsrík fyrir mig persónulega og er ég afar þakklátur fyrir það traust sem ég hef haft í mínum störfum. Samskipti við íbúana hafa verið til fyrirmynadar og er þakklátur fyrir þau samskipti og ekki síður þau sem hafa verið krefjandi. Ég hef átt í afar góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélagsins og er þar unnið af miklum dugnaði og heilindum. Á þessum átta árum hef ég þurft að taka erfiðar ákvarðanir, sem fylgir starfi sem þessu, og hafa þær ekki allar verið auðveldar eða vinsælar.

Ég hef lýst mig tilbúinn til að halda áfram störfum sem sveitarstjóri í nýju sveitarfélagi sé þess óskað. Annars fela breytingar alltaf í sér tækifæri og þau munu eflaust bíða míni sem og fráfarandi sveitarstjórnarfulltrúum. Ég vil þakka sveitarstjórnarfulltrúum fyrir afar gott samstarf á þessum átta árum. Einnig langar mig þakka starfsfólk og íbúum sveitarfélagsins fyrir samstarfið og ánægjuleg kynni. Það eru vissulega íbúarnir sem byggja upp gott samfélag.



## c. Sveitarstjórn lagði eftirfarandi fram:

- i. Sveitarstjórn Húnvatnshrepps vill þakka þeim, bæði aðal- og varamönum sem starfað hafa í sveitarstjórn Húnvatnshrepps frá upphafi, alls hafa 38 einstaklingar setið fundi sveitarstjórnar sem aðal- og varamenn frá árinu 2006. Alls hélt sveitarstjórn Húnvatnshrepps 258 formlega fundi, sjö einstaklingar hafa setið fleiri en 100 fundi, en þeir eru: Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, 226 fundi, Þóra Sverrisdóttir, Stóru-Giljá 154 fundi, Björn Magnússon, Hólabaki, 112 fundi, Magnús Sigurðsson, frá Hnjúki, 111 fundi, Jóhanna E. Pálmadóttir, Akri 109 fundi, Jóhanna Magnúsdóttir, Ártúnum, 104 fundi og Jakob Sigurjónsson, Hóli, 103 fundi.

Sveitarstjórn vill þakka fyrir gott samstarf á því kjörtímabili sem nú er á enda. Að öllu jöfnu hefur verið góð samstaða í sveitarstjórn sem hefur auðveldað meðferð flókinna mála. Á kjörtímabilinu hefur verið mikil uppbygging í Húnvatnshreppi svo sem í viðhaldsverkefnum, ferðapjónustu og fleiri þáttum, hefur það haft áhrif á rekstur sveitarfélagsins ásamt Covid-19, heimsfaraldri, en þessi atriði hafa kallað á lausnamiðuð verkefni sem gengið hafa með ágætum.

Mikill tími hefur farið í sameiningaviðræður og undirbúnig þeirra hjá núverandi sveitarstjórn, sem endaði með sameiningu Húnvatnshrepps og Blönduósbaðar. Óskar sveitarstjórn nýkjörnum sveitarstjórnarmönum sameinaðs sveitarfélags gæfu og gengis við móturn og uppbyggingu þess, til hagsmunu fyrir alla íbúa.


Sveitarstjórn Húnvatnshrepps vill þakka sveitarstjóra fyrir hans störf og öðrum starfsmönum fyrir sín störf í þágu sveitarfélagsins og íbúa þess, oft við erfiðar aðstæður og óskar þeim góðs á nýjum starfsvettvangi.

Fleira ekki gert,


Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45.


  
Jón Gíslason

  
Berglind Hlín Baldursdóttir

  
Jóhanna Magnúsdóttir

  
Jón Árni Magnússon

  
Ragnhildur Haraldsdóttir

  
Sverrir Þór Sverrisson

  
Þóra Sverrisdóttir

  
Einar Kristján Jónsson